

Bæjarstjórn - 1919

## FUNDARBOÐ

**1919. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 25.  
október 2023 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2310396 - Hamraneslína I og II, breyting á deiliskipulagi**

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.október sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vatnshlíðar, Hvaleyrarvatns og Hamranesnámu vegna lagningu Hamraneslínu I og II.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Hamraness efnistökusvæðis, Hvaleyrarvatns og Höfða og Hamraness og Vatnshlíðarhnúka vegna færslu Hamraneslínu I og II og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

**2. 1708457 - Hraun vestur, deiliskipulag**

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.

Eftirfarandi er tillaga að nýju ákvæði um greiðslur gjalda:

Samið verður um greiðslur gjalda. Gatnagerðargjald og önnur lögbundin gjöld eru greidd samkvæmt gjaldskrá. Greiðslur lóðarhafa munu miðast við það byggingarmagn sem samþykkt verður í nýju deiliskipulagi fyrir viðkomandi reit og/eða byggingaráformum lóðarhafa. Samkvæmt gjaldskrá sem samþykkt var í bæjarráði þann 22. september 2022 er gatnagerðargjald af hverjum samþykktum fermetra í fjölbýlishúsi kr. 17.311.- og byggingaréttargjald kr. 46.739.- skv. vísitölu októbermánaðar mánaðar 2023. Samið skal um sérstakt endurgjald vegna breyttrar nýtingu lóðar og uppbyggingu innviða sem hljóti samþykki bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir tillöguna og vísar uppfærðum samningsramma í bæjarstjórn til staðfestingar.

**3. 2310365 - Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2024**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.

Lögð fram tillaga frá SSH að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2024

Bæjarráð samþykkir framlagða starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar sem

spannar tímabilið september 2023 til maí 2024.

Bæjarráð samþykkir framlagða fjárhagsáætlun svæðsskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2024. Áætlaður heildarkostnaður er 35.456.811 kr. og hlutur Hafnarfjarðar er 4.384.649 kr. Vísað í til staðfestingar í bæjarstjórn og í fjárhagsáætlunarvinnu fyrir 2024.

**4. 2309981 - Straumhella 17, umsókn um lóð**

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.  
Lögð fram umsókn GH17 ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 17 við Straumhelli.

Samþykkt að úthluta lóðinni í samræmi við umsókn. Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**5. 2310424 - Virkisás 22, umsókn um lóð**

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.  
Lögð fram umsókn Guðmundar Jónssonar og Bjarneyjar Gunnarsdóttur um lóðina nr. 22 við Virkisás og til vara lóðina nr. 17 við Virkisás.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Guðmundar Inga Jónssonar. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**6. 2305476 - Hryggjarás 23, umsókn um lóð, úthlutað, skil**

11.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.  
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Hryggjarási 23 þar sem óskað er eftir að afsala sér úthlutun á lóðinni nr. 23 við Hryggjarás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**7. 2211972 - Hryggjarás 30, umsókn um lóð, úthlutun, skil**

12.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.  
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Hryggjarási 30 þar sem óskað er eftir að afsala sér úthlutun á lóðinni nr. 30 við Hryggjarás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**8. 2211111 - Hryggjarás 31, umsókn um lóð, úthlutun, skil**

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.  
Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhafa að Hryggjarási 31 þar sem óskað er eftir að afsala sér úthlutun á lóðinni nr. 31 við Hryggjarás.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**9. 2306389 - Straumhella 5, umsókn um lóð, úthlutun, skil**

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 19.október sl.  
Lagt fram bréf frá lóðarhafa að Straumhelli 5 þar sem óskað er eftir að afsala sér úthlutun á lóðinni nr. 5 við Straumhelli.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**10. 2308576 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna Suðurnesjalínu 1**

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 20.október sl. Á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 7.9. sl. var samþykkt að leita umsagna vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 samhliða breytingu á deiliskipulagi fyrir aksturs- og skotæfingasvæðið. Um er að ræða breytingu á skilmálum geinargerðar þar sem settur verður inn texti sem heimilar það að Suðurnesjalína 1 megi liggja í jörð á um 2 km kafla frá tengivirkinu í Hamranesi til vesturs, inná íþróttasvæði ÍÞ8 þar sem einnig verður heimilt að reisa strengendamastur. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 16.10.2023. Engar athugasemdir bárust. Lögð fram textabreyting greinargerðar í samræmi við ábendingu Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og byggingaráð samþykkir breytingu á skilmálum greinargerðar aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 með áorðnum breytingum eftir auglýsingu vegna legu Suðurnesjalínu 1 í jörð auk strengendamasturs. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

**11. 2309110 - Kapelluhraun, akstursæfingasvæði, breyting á deiliskipulagi**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 20.október sl. Á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 7.9.sl. var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni samhliða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Suðurnesjalínu 1. Gert er ráð fyrir að jarðstrengur Suðurnesjalínu 1 fari 300 metra inná vestanvert svæðið og endar í strengendamastri. Erindið var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 16. október 2023. Athugasemdir bárust. Lögð fram svör við framkomnum athugasemdum ásamt uppfærðum uppdrætti.

Skipulags- og byggingaráð tekur undir framlagða umsögn og samþykkir uppfærðan uppdrátt vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**12. 2208659 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2023 og 2024-2026**

4. liður úr fundargerð Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Kynntar tilfærslur fjármuna á milli liða fjárfestingaráætlunar 2023. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir framlagðar tilfærslur innan fjárfestingaráætlunar 2023.

**13. 2310725 - Launa- og kjarakönnun**

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að gerð verði launa- og kjarakönnun hjá starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar með það að markmiði að skoða hugsanlegan launamun kynjanna. Bæjarráði er falið að ganga frá frekari leiðbeiningum um

verkið og fyrirkomulag þess.

## Fundargerðir

### 14. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerðir fjölskylduráðs frá 16. og 17. október sl.

Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 12. og 20. október sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 19. október sl.

a. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (HEF) frá 3. október sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 11. október sl.

c. Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 29. september sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 2. október sl.

e. Fundargerð 44. eigendafundar Sorpu bs. frá 2. október sl.

f. Fundargerð 44. eigendafundar Strætó bs. frá 29. september sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 18. október sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 10. október sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 18. október sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 23. október sl.

23.10.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri